

**Mál nr. 93/2023****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 22. mars 2023.
3. Bréf V2, dags. 31. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á bílastæði við Bíldshöfða þann 4. febrúar 2023. Báðum bifreiðunum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. M sem er eigandi A ók bifreið sinni aftur á bak inn í stöðureit á sama tíma og bifreið B var ekið aftur á bak eftir bifreiðastæðinu. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi er haft eftir ökumanni B að hann hafi verið á leið út af bifreiðaplaninu og vegna teppu fyrir framan hann hafi hann ákveðið að bakka. Segir þar jafnframt: „Ég hef greinilega ekki litið í speglana því ég varð ekki var við að það væri bíll fyrir framan mig fyrr en ég svo bara bakkaði á hann.“ Í framburði M kemur fram að hún hafi ekki orðið var við bifreiðina B fyrr en rétt fyrir áreksturinn og hafi hún þá flautað en það hafi verið orðið of seint.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 145/23 að sök skiptist til helminga. M er ósátt við þá niðurstöðu og telur sig vera í fullum rétti þar sem bifreið hennar hafi nánast verið komin inn í stöðureitinn er árekstur verð. Hún hafi auk þess ekki bakkað fyrir eða í áttina að ökutæki B.

V1 telur það hafið yfir allan vafa að ökumaður B gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og eigi því að bera alla sök á árekstrinum.

V2 telur að sök eigi að skiptast til helminga þar sem báðir ökumenn óku aftur á bak í aðdraganda áreksturs án þess að gæta að annarri umferð.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þannig bar báðum ökuönum að gæta sérstaklega að annarri umferð áður þeir óku aftur á bak. Að virtum gögnum málsins og þá sérstaklega framburði ökumanns B verður þó að telja að aðgæsluskylda hans hafi verið ríkari þar sem hann ók aftur á bak í áttina að ökutæki A sem ekið var aftur á bak inn í stöðureit. Var bifreiðin A auk þess næstum alveg komin inn í stöðureitinn er árekstur varð. Þannig má ráða af framburði ökumanns B að hann hafi ekki litið í speglana áður en hann ákvað að aka aftur á bak í áttina að bifreið A og verður áreksturinn því eingöngu rakinn til háttsemi ökumanns B. Ber ökumaður B því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir